

Fundargerð 322. stjórnarfundar Stjórnvísí

Verkefni: 322. stjórnarfundur Stjórnvísí haldinn á Teams 7.febrúar 2023

- Íslenska ánægjuvogin var afhent á Grand Hótel 13.janúar 2023.
- Nýársfagnaður Stjórnvísí var haldinn í Marel 5.janúar kl.16:30.
- Búið að senda út og loka fyrir tilnefningar til Stjórnunarverðlauna Stjórnvísí 2023
- Fyrirmyndarfyrirtæki ágúst 2023.
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí - fjárhagsáætlun
- Texti á síðu Stjórnvísí yfirfarinn með tilliti til kyns
- Meginmarkmið mæld og yfirfarin.
- Staða verkefna (áhværsluverkefna og annarra verkefna)
- Önnur mál

Dags.fundar: 7.febrúar 2023	Tími: 11:00-12:00	Nr. fundar: 322
Fundarboðari: SH	Fundarritari: GA	Staður: VOX

Viðstaddir: Gunnhildur Arnardóttir, Haraldur Bjarnason, Ósk Heiða Sveinsdóttir, Sigríður Harðardóttir, Baldur Vignir Karlsson, Lilja Gunnarsdóttir, Auður Daníelsdóttir, Laufey Guðmundsdóttir, Stefán Hrafn Hagalín

Fjarverandi: Falasteen Abu Libdeh

Gestir:

Samantekt og niðurstaða fundar

- Íslenska ánægjuvogin.** Íslenska ánægjuvogin var afhent föstudaginn 13.janúar sl. á Grand Hótel að viðstöddum á annað hundrað manns og voru veittar viðurkenningar á fleiri mörkuðum en nokkru sinni fyrir eða 13 talsins. Skjástot sá um að streyma hátíðinni og var streymið einstaklega vel gert og tókst vel. Búið er klippa niður streymið í 13 búta og búið koma þeim í umferð á samfélagsmiðlum. Einnig er búið að setja inn myndir á facebook. Hátíðin tókst með ágætum vel og var frábær umfjöllun um hátíðina á samfélagsmiðlum. Róbert Róbertsson fjölmiðlafulltrúi sá um auglýsingaherferð í kjölfar hátíðarinnar. Mikið var um auglýsingar dagana á eftir og hefur sala skýrsla farið einstaklega vel af stað. Umfjöllun var í flestum fjölmiðlum. Útvarpsviðtal á Rás2, viðtal í Fréttablaðinu og viðtal í næstu viku á visir.is
Stjórn ánægjuvogarinnar fór í rannsókn eftir viðburðinn og kannaði bæði hjá sigurvegurum annars vegar og öðrum sem eru mældir hins vegar hvernig upplifun þeirra er af viðburðinum og hvernig má fagna enn meir á 25. árinu sem er 2024. Niðurstaðan var einróma, halda viðburðinn á föstudagsmorgni, beina kastljósinu að

sigurvegurum og veita öllum tækifæri til að fara beint heim og fagna með sínu fólki. Alls ekki að bjóða upp á fleiri fyrirlesara eða breyta um tíma.

Gefnar voru út leiðbeiningar til fyrirtæki sem urðu í efsta sæti varðandi orðalag og tókst það vel að nær engar athugasemdir hafa borist til stjórnar Íslensku ánægjuvogarinnar. Ábending kom um að lengja mælingartímann. Þau fyrirtæki sem þátt tóku í Íslensku ánægjuvuginni eru dugleg að styrkja Íslensku stjórnunarverðlaunin.

- Nýársfagnaður Stjórnvísi.** Nýársfagnaður stjórna faghópa Stjórnvísi var að þessu sinni í Marel þann 5.janúar kl.16:30 og var fundurinn opinn öllum Stjórnvísifélögum. Sigríður Harðardóttir formaður flutti stutt ávarp. Í framhaldi var boðið upp á frábæran fyrirlestur "LEIKREGLUR ÚR SPUNA Í LÍFI OG STARFI". Dóra Jóhannsdóttir spunaleikkona fjallaði um aðferðir og hugmyndir í spunavinnu og gríni sem sem allir geta nýtt sér í leik og starfi. Verðmæt tól sem allir geta nýtt sér til að bæta hlustun og efla jákvæð samskipti, sköpunarkraft og samvinnu.
- Stjórnunarverðlaun Stjórnvísi 2023.** Búið er að senda út póst og loka fyrir tilnefningar til Stjórnunarverðlauna Stjórnvísi 2023. Á annað hundrað tilnefninga barst og voru yfir 60 tilnefndir. Dómnefnd er búin að vera að vinna gott starf og fundað stíft. Verðlaunin verða afhent 20.febrúar á Grand Hótel kl.16.00 af forseta Íslands. Allir hvattir til að mæta.
- Fyrirmyndarfyrirtæki.** Verið er að senda inn skýrslur á fullu til JBG sem sér um verkefnið fyrir hönd Stjórnvísi.
- Ársreikningur – Áætlun 2023 - aðalfundur.** Fjárhagsstaða Stjórnvísi er mjög góð og virðist sem flestir hafi greitt reikninga sína á gjalddaga í janúar. Verið er að klára árið og verður áætlun ársins 2023 send út um leið og niðurstaða ársins liggur fyrir.

Búið er að óska eftir drögum að ársreikningi frá Íslenskum endurskoðendum ásamt yfirliti yfir lánadrottna, skuldunauta, ójafnaðar færslur og hreyfingarlista. Um leið og gögn berast verða þau send á stjórn félagsins. Áætlun fyrir árið 2022 gerði ráð fyrir 1,5milljón í tekjuafgang og svo virðist sem sú tala gangi eftir og rúmlega það þrátt fyrir að vinna hafi hafist við að kanna kennslukerfi á innri vef. Áætlun ársins 2023 verður inn á sameiginlegu drifi félagsins, þar er gert ráð fyrir tekjuafgangi upp á 1,5 millj. eigið fé í árslok 2023 yrði þá 5 millj. Stjórnvísi er félag sem safnar ekki fé en mikilvægt er að eiga borð fyrir báru. Reikningar félagsins voru sendir út 5.janúar sl. með eindaga 16.janúar. Verður skoðað á næsta fundi.

- Texti yfirfarinn á www.stjornvisi.is.** Vinna er að hefjast við að fara yfir alla texta á síðu www.stjornvisi.is með tilliti til þess að Stjórnvísi væri fyrirmynd í því að nota málfar í takt við tímann eins og að tala um „fólk“ í stað þess að nota „menn“. Framkvæmdastjóri hafði upphaflega samband við Berglindi Ósk sem er helsti sérfræðingur landsins í þessum málum og var hún tilbúin til að taka verkefnið að sér. Berglind Ósk var með erindi á haustráðstefnu Stjórnvísi um Imposter Syndrome. Ráður, félag í Stjórnvísi bauð fram krafta sína og er einnig með sérfræðing sem gæti tekið verkenfið að sér. Berglind hefur nú gefið verkefnið frá sér vegna anna og með mikilli gleði verður gengið til samninga við Ráð.
- Stefnumótun – meginmarkmið – mælikvarðar.** Send var út könnun á alla félagsmenn Stjórnvísi. Á þessum fundi var farið yfir niðurstöðurnar sem eru svipaðar og áður. Árið 2021 voru fundnir mælikvarðar á öll meginmarkmið og er könnunin því send út í þriðja sinn til að

meta árangurinn og sjá hvort stefna félagsins sé í átt við breyttan veruleika. Alls bárust rúmlega 120 svör ítrekun var send út þrisvar. Niðurstöðurnar má sjá á www.stjornvisi.is

8. Önnur mál.

- a. Markaðsherferð er búin að vera á fullu á LinkedIn og á Facebook og hefur komið inn fjöldi nýrra fyrirtækja. Félagið hefur notið þar dyggrar aðstoðar Vilborgar hjá Póstinum.
- b. Sendur var póstur á formann faghóps um Gæðastjórnun og ISO hvort þau gætu yfirfarið siðareglur félagsins, hvert er verklagið ef eitthvað kæmi upp á. Teikna upp ferilinn. Stjórn faghópsins er nú að skoða málið.
- c. Áhugavert að sjá að það eru fundir á dagskrá alla næstu viku.
- d. Þjóða upp á stuðninginn við faghópana.

1. Staða verkefna (áhversluverkefna og annarra verkefna).

Áhersluverkefni stjórnar 2022-2023

Valin voru þrjú áhersluverkefni – í hverju felast þau? – hverjir eru mælikvarðar?

oo= rauntíma mælaborð á síðu Stjórnvísi www.stjornvisi.is

ooo= mælt árlega í viðhorfskönnun til félagsmanna

1. Ásýnd og vöxtur: Ábyrgðaraðilar eru **Stefán Hrafn, Haraldur og Ósk Heiða.**

- Fjölgun fyrirtækja oo
- Fjölgun fyrirtækja með 200 eða fleiri starfsmenn oo
- Fjölgun fyrirtækja með 100-199 starfsmenn oo
- Fjölgun á heildarfjölda notenda (innri markaðssetning fyrirtækja) oo
- Fjölgun virkra félaga oo
- Fjölgun nýrra virkra félaga oo
- Aukning á nýskráningum í mánuðinum oo
- Fjölgun nýrra háskólanema oo
- Fagmennska sé ávallt höfð að leiðarljósi í öllum störfum ooo
- Stjórn efli og viðhaldi trausti á félagið með fagmennsku að leiðarljósi og starfi skv. stefnu félagsins ooo
- Stjórnvísi sé áhugaverður og sýnilegur vettvangur umfjöllunar um faglega stjórnun, miðlun þekkingar og reynslu ooo
- Stjórnvísi þróist í takt við síbreytilegar áherslur og kröfur félagsmanna, atvinnulífsins og samfélagsins ooo
- Framsæknir og hæfir einstaklingar starfi af heilindum fyrir félagið ooo
- Framkvæmdastjóri félagsins hafi leiðtogahæfileika sé styðjandi og virkur ooo

2. Stuðningur við stjórnir faghópa: Ábyrgðaraðilar eru: **Lilja, Auður og Falasteen.**

- Fjölgun viðburða oo
- Fjölgun félaga á fundum oo
- Aukning á virkni faghópa oo
- Aukning á félagafjölda í faghópum oo
- Aukning á virkum fyrirtækjum oo
- Viðburðir séu sýnilegir og auglýstir tímanlega ooo
- Hækkun á NPS skori oo
- Félagar upplifi sig auðugri af þekkingu um stjórnun og leiðtogafærni ooo
- Félagar öðlist aukið tengslanet með þátttöku í félaginu ooo
- Ábendingar eigi sér skýran farveg ooo
- Stöðugt sé unnið að umbótum ooo
- Í upphafi hvers fundar bendi ábyrgðaraðilar á að eftir fundinn verði send út stutt könnun. Allir hvattir til að gefa sér örstutta stund og svara. Þar er tilvalið að koma með ábendingu um hvað betur má fara.
- Stjórn sé í reglulegu og góðu sambandi við stjórnir faghópanna ooo
- Verkferlar félagsins fyrir stjórnir faghópa, faghópafundi og ráðstefnuhald eru skráðir og unnið eftir þeim. ooo
- Myndbönd
- Stafræn fræðsla

3. **3. Útrás/Gróska:** Ábyrgðaraðilar: Baldur, Laufey, Sigríður

- Dagskrá Stjórnvísi verði aðgengileg fyrir alla landsbyggðina
- Fjölgun fyrirtækja á landsbyggðinni
- Fjölgun kynninga og fyrirlesara af landsbyggðinni
- Fjölgun erlendra fyrirlesara